

metrísk sía viðtækisins á að vera frátengd. Truflandi merkið er nú tengt við og styrkur þess stilltur svo að SND/ND hlutfallið lækki í 12 desibel (S = merki, N = suð, D = hjögun).

Mælingin er endurtekin með truflandi merkið á hinni grannrásinni 10 kHz frá réttri tíðni viðtækisins.

Tíðniskerpa miðuð við grannrás er hið lægra af fyrrnefndum gildum hins truflandi merkis og er ritað sem frumspenna í desibel miðað við mikróvolt, þegar innra viðnám er 50 ohm.

3.7.2.2 Í viðtækjum með sambyggðu loftneti er erfitt að mæla tíðniskerpu með nokkurri nákvæmni nema með notkun sérsmiðaðra hjálparkækja. Lýsingu á slíkum búnaði má fá hjá tæknideild Póst- og símamálastofnunarinnar.

3.8. Mælinákvæmni:

Gert er ráð fyrir eftirfarandi mestu frávikum ýmissa stærða:

Rakspenna	± 3%
Netspenna	± 3%
Nettíðni	± 0.5%
Tónspenna, -afl	± 0.5 desibel
Tóntíðni	± 1%
Tónbjörgun og suð	1%
Radiotíðni	± 50 Hz
Radiótíðnispena	± 2 desibel
Radiósviðstyrkur	± 3 desibel
Radiótíðniafl	± 1 desibel
Virkt útgeislað afl	± 3 desibel
Viðnám gerfiálags, tengirása, strengja, deyfiliða o. s. frv.	± 20%
Viðnám merkisgjafa og mælivíðtækis	± 40%
Deyfing í deyfiliðum	± 2 desibel
Hitastig	± 1°C

4. Reglur þessar taka þegar gildi og eiga við um nýjar talstöðvar og þær, sem fluttar verða til landsins. Þær eiga ekki, að því leyti sem þær eru frábrugðnar fyrri reglum, við talstöðvar, sem þegar hafa fengið viðurkenningu.

Samgönguráðuneytið, 20. júní 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUR

um menningarsjóð félagsheimila.

1. gr.

Stjórn menningarsjóðs félagsheimila er í höndum menntamálaráðherra. Styrkir úr sjóðnum skulu veittir að fengnum tillögum menningarsjóðsnefndar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Bandalags ísl. leikfélaga, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar.

2. gr.

Menningarsjóður félagsheimila starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1970, um félagsheimili, sbr. lög nr. 54/1979. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum og öðrum samkomustöðum sem lögin taka til.

3. gr.

Sjóðurinn skal stuðla að leikstarfsemi, tónleikahaldi, listsýningum, bókmenntakynningum og hverskonar annarri menningarstarfsemi, sem aðstaða er fyrir í félagsheimilum eða þeim samkomustöðum sem löginn taka til.

4. gr.

Menningarsjóðsnefnd getur gert tillögur um styrki úr sjóðnum vegna kostnaðar við undirbúning dagskrárefnis og til ferða- og flutningskostnaðar til og milli staða þar sem dagskrárflutningurinn fer fram. Þeir sem að dagskrárflutningi standa, skulu greiða laun og dvalarkostnað flytjenda.

Menningarsjóðsnefnd getur gert tillögur um frávik frá þessum styrkreglum ef sérstök ástæða þykir til.

5. gr.

Félagsheimili annast auglýsingar, sölu aðgöngumiða og annað er lýtur að framkvæmd dagskrárflutnings. Verði ágóði af aðgangseyri, þegar greiddur hefur verið kostnaðarhluti félagsheimilisins, skal hann renna í menningarsjóð viðkomandi félagsheimilis. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili. Hrökkvi tekjur af aðgangseyri ekki til greiðslu á kostnaðarhluta félagsheimilisins, er heimilt að greiða hallann að nokkru eða öllu úr menningarsjóði félagsheimila samkvæmt sérstakri umsókn, er studd sé fullnægjandi kostnaðarskilagrein.

6. gr.

Styrkumsóknir skal senda til menntamálaráðuneytisins. Starfsmaður sjóðsins, sem menntamálaráðuneytið ræður, leggur umsóknir fyrir menningarsjóðsnefnd og aflar nauðsynlegra upplýsinga. Nefndin gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um styrkveitingar úr sjóðnum.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um afgreiðslu styrkveitinga. Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Ríkisbókhald annast reikningshald sjóðsins. Ársreikningar sjóðsins endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun skulu birtir í Stjórnartíðindum og skrá um útlutun úr sjóðnum skal birta árlega í fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 42 frá 1. mars 1972, um menningarsjóð félagsheimila.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. maí 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.